

Nd. **285. Frumvarp til laga** [151. mál]

um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jóhann Hafstein, Lúðvík Jósepsson, Gyłfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Ingólfur Jónsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sameiginlegt átak íslensku þjóðarinnar til þess að veita Vestmanneyingum stuðning vegna eldgossins á Heimaey og draga úr þeim búsjfjum, sem jarðeldarnir valda þeim og þjóðinni í heild.

2. gr.

Stofna skal Viðlagasjóð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

3. gr.

Hlutverk Viðlagasjóðs er:

1. Að tryggja hag Vestmanneyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar þeirra.
2. Að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.
3. Að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins á Heimaey.
4. Að draga úr áhrifum náttúruhamfara í Vestmannaeyjum á afkomu og atvinnulíf Vestmanneyinga og þjóðarheildarinnar og gera hvers konar fjárhagsráðstafanir í þessu skyni.

4. gr.

Í Viðlagasjóð renna allar tekjur samkvæmt lögum þessum. Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

Til Viðlagasjóðs skulu og renna óafturkræf framlög, sem berast kunna frá innlendum og erlendum aðilum og eigi er beint til Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar Þjóðkirkjunnar, bæjarstjórnar Vestmannaeyja eða annarra tilgreindra aðila. Sama máli gegnir um aðstoð, sem boðin kann að vera fram í öðru formi.

5. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skipa sjö menn, sem kosnir skulu til eins árs með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann.

Stjórn sjóðsins getur ráðið honum sérstakan framkvæmdastjóra ásamt því starfsliði, sem nauðsynlegt er.

Stjórn sjóðsins skal í öllu starfi sínu hafa náð samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Stjórn Viðlagasjóðs skal, eftir því sem unnt er og við getur átt, setja fastar reglur um bætur þær, styrki og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, og skulu reglurnar birtar almenningi.

6. gr.

Skylt er öllum opinberum aðilum að veita stjórn Viðlagasjóðs hvers konar aðstoð og upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi hans.

7. gr.

Seðlabanki Íslands varðveitir Viðlagasjóð og annast bókhald hans. Um endurskoðun reikninga sjóðsins fer eftir ákvæðum laga um endurskoðun ríkisreiknings og reikninga ríkisstofnana.

8. gr.

Fjár til Viðlagasjóðs skal afla með sérstöku gjaldi, viðlagagjaldi, sem hér segir:

- 1) Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýzt af 2% viðlagagjaldi á söluskattsstofn, skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.
- 2) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts.
- 3) Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
- 4) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
- 5) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldu aðila, sem bera ekki aðstöðugjald. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútsvör.

Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 milljónir króna, og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

9. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, og skal þar m. a. kveða nánar á um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimilt að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 29. janúar samþykkti Alþingi með samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum. Í þingsályktuninni er svofellt ákvæði:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögum sínum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu við það miðaðar, að búsið af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega.“

Flm. þessa frumvarps voru kosnir í nefndina. Hefur nefndin unnið að þessu verkefni síðan, og er þetta frv. ávöxturinn af starfi hennar og byggist á samkomulagi.

Þeir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri hafa unnið fyrir nefndina. Nefndin hefur fengið vitneskju um það undirbúningsstarf, sem unnið hafði verið að málinu á vegum ríkisstj. og ráðunauta hennar. Enn fremur lá fyrir nefndinni bráðabirgðaskýrsla nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði til þess að rannsaka afleiðingar náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og úrræði til þess að draga úr þeim.

Nefndin hefur að sjálfsgöðu fylgt þeirri stefnu í starfi sínu, sem mótuð er í ályktun Alþingis. Var reynt að gera sér grein fyrir stærð þess vandamáls, sem við er að etja. Reyndist raunar ókleift að komast að niðurstöðu um það, jafnvel ekki tóm til að meta það tjón, sem þegar er orðið, og afleiðingar þess, hvað þá að geta sér til um, hversu stórfellt áfall þetta getur orðið, ef hamfarirnar halda áfram. Nefndin sér þó, eftir eins vandlega athugun og unnt er við að koma nú, að tjónið nemur þegar milljörðum króna, og telur hún því þjóðarnauðsyn bera til að stofna án tafar myndarlegan sjóð, sem þjóðin öll leggi fé til. Telur nefndin, að sjóðurinn verði að nema í upphafi 2 milljörðum króna, að viðbættu því, sem komið getur til í gjöfum innanlands og utan.

Sjálfsgagt er að taka með þökkum þeim gjöfum, sem berast innanlands og utan, og má minnst sérstaklega stórgjafa frá frændþjóðum á Norðurlöndum. Lán koma einnig til greina, tengd þeirri uppbyggingu og endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum, sem kemur til framkvæmda svo fljótt, sem kostur er.

Nefndin telur, að þessara 2 milljarða verði að afla á næstu 12 mánuðum, og eru tillögur um fjáröflun til sjóðsins við það miðaðar. Eru fjáröflunarleiðir byggðar á því sjónarmiði að dreifa byrðinni.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sett fram meginstefna laganna.

Um 2.—5. gr.

Þessar greinar kveða á um stofnun Viðlagasjóðs vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og hlutverk hans, sem rakið er í 3. gr. Er þar um viðtækar heimildir að ræða, enda verður ekki hjá slíku komið vegna þess, hve margt er á þessu

stigi óljóst um framkvæmd málsins. Verður valdið hjá stjórn sjóðsins, sem lagt er til að verði skipuð 7 mönnum þingkjörnum.

Þá eru í 4. gr. ákvæði um gjafafé og annað fé, sem renna skal til sjóðsins, ef því er ekki beint til annarra aðila.

Í 5. gr. er ákvæði um, að stjórn sjóðsins skuli í öllu starfi sínu hafa náði samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Margir þættir og málaflokkar koma til, þegar meta á, hvað gera skal í þessum mikla vanda, og þá m. a. þessir:

1. Flutningar frá Vestmannaeyjum:
 - a) fólksflutningar,
 - b) búslóðarflutningar,
 - c) birgðaflutningar,
 - d) véla- og tækjaflutningar.
2. Starfsemi Almannavarnaráðs.
3. Björgunarstarf annarra aðila.
4. Starfsemi Vestmannaeyjakaupstaðar og stofnana hans heima fyrir og í Reykjavík.
5. Húsnæðiskostnaður og geymslukostnaður í landi.
6. Félagsmálaútgjöld ýmiss konar, skólahald o. fl.
7. Kostnaður í Vestmannaeyjum við vernd mannvirkja.
8. Hreinsunarkostnaður, gosefnisflutningur úr bænum o. fl.
9. Lagfæringar á eignum og mannvirkjum, sem orðið hafa fyrir skemmdum, og bætur vegna eignatjóns.
10. Kostnaður útgerðarmanna við að koma fiskiflota Vestmannaeyja og búnaði hans í aðstöðu í öðrum verstöðvum.
11. Kostnaður vegna sérstakra aðgerða í fiskvinnslustöðvum í Vestmannaeyjum.
12. Aukning viðlegurýmis og hafnarbætur í landi vegna Vestmannaeyjabáta. (Skyndiframkvæmdir).
13. Kostnaður við fiskflutninga.
14. Bætur fyrir tekjumissi á árinu 1973:
 - a) einstaklinga,
 - b) fyrirtækja.
15. Vextir og afborganir af eignum, sem verða óarðgæfar um sinn.
16. Heimflutningar til Vestmannaeyja.
17. Uppbygging í Vestmannaeyjum.

Ekki má telja, að hér sé tæmandi upp talið. T. d. eru skattgreiðslur Vestmanneyinga vandamál, sem verður að athuga sérstaklega.

Annars verður að þreifa sig áfram við framkvæmd þessara mála allra. En miklu skiptir, að þjóðin búist strax í stakk fjárhagslega til þess að mæta í sameiningu áfallinu og vinna að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um tekjuöflun til Viðlagasjóðs. Koma þar til þessir liðir:

Sérstakt viðlagagjald 2% á söluskattsstofn, sem gildir frá 1. marz 1973 til 28. febr. 1974. Fylgir það ákvæði, að verðhækkunaráhrif gjaldsins komi ekki inn í kaupgreiðsluvisitölu. Verður svo að vera, því að annars yrði þessi fjáröflun til að kosta neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna grundvöllur að almennri kauphækkun.

Viðlagagjald verði 30% á álagðan eignarskatt á gjaldárinu 1973.

Viðlagagjald verði á árinu 1973 innheimt á gjaldstofn aðstöðugjalds, sem nemi 35% þess hundraðshluta, sem á var lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

Þá verði 1% gjald lagt á tekjur á árinu 1972, eins og þær verða ákvarðaðar til grundvallar útsvarsálagningu á þessu ári, og er gert ráð fyrir, að þetta viðlaga-

gjald sé lagt á og innheimt um leið og útsvörin. Þetta er framlag einstaklinganna, en innheimt af sveitarstjórnnum með útsvörunum.

Viðlagagjald þeirra, sem greiða landsútsvör, nemi 10% af fjárhæð þeirra á þessu ári.

Ákveðið er, að ríkissjóður leggi Viðlagasjóði 160 milljónir króna, og ríkisstjórninni heimilað að lækka ríkisútgjöldin sem því svarar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilað að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

Tekjur Viðlagasjóðs eru áætlaðar þessar:	Millj. kr.
Viðlagagjald á söluskattsstofn	900
Viðlagagjald á aðstöðugjaldsstofn	300
Viðlagagjald lagt á eignarskatt	80
Viðlagagjald miðað við tekjur við útsvarsálagningu og álag á landsútsvar	400
Frá ríkissjóði	160
Frá atvinnuleysistryggingasjóði	160

Samtals 2 000

Um 9. gr.

Greinin kveði á um, að forsætisráðherra setji reglugerð um framkvæmd laganna, m. a. ákvæði um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimild til að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.